

# Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 13:00 þriðjudaginn 15. júlí 2020, Hafnarstræti 91

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, Steinunn Heba Finnsdóttir og Örn Arnarson. Þórdís Bjarnadóttir varamaður og Tómas Árdal varamaður.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir SSNV og Hilda Jana Gísladóttir SSNE

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri.

## 1. Staða ferðapjónustunnar

Mikil traffík núna víða, júní góður, júlí langt umfram væntingar, dettur niður um miðjan ágúst. Mikið að koma inn af götunni. Vetrarlokanir framundan víða. Mikið tap komið á árinu, verð í lágmarki. Næsta ár lítur vel út, bókanir voru að miklu leyti færðar.

Einstaklingsbókanir farnar að koma í gegnum bókunarvélar. Bókanir farnar að koma fyrir sept, okt og fram á næsta ár. Bjart framundan í ferðapjónustunni næstu árin.

Hjá ýmsum var mjög rólegt framanaf. Lagaðist í júlí, mikið að Íslendingum, töluvert af útlendingum að koma. Bókanir fyrir seinni hluta sumars hanga inni. Veturinn óljós, búið að segja upp fólki og óvíst með opnun. Flestir færðu bókanir sínar. Bjartsýni til lengri tíma en veturinn mjög erfiður víða.

Stóri vandinn núna að fá fólk í vinnu. Erfitt að anna verkefnunum. Verður líklega búið í ágúst en vonandi taka útlendingarnir við.

Íslendingarnir eru öðruvísi viðskiptavinir. Þurfa meiri þjónustu og þal meiri mannskap en erfitt að fá fólk. Líklegt að helgarnar verði góðar í vetur. Ættum að ná skíðavertíðinni. Eru að vísa mikið af viðskiptum frá. Allt í einu orðið töluvert af útlendingum.

Sprenging í húsbílaleigu, langtímaleigu ofl en lægra verð. Langtímaáhrif verða á verðlagningu. Innkoma sumsstaðar 10% af því sem er venjulega. Traffíkin núna er í raun rústabjörgun, það er eitt að hafa mikið að gera og annað að hafa almennilegar tekjur úr því.

Til þess að ferðapjónustan geti gengið þurfa stuðningslánin að fara í gegn. Þarf að standa við þann stuðning sem er búið að lofa og hafa skilmálana þannig að fyrirtæki geti fengið stuðninginn. Skimanir í Keflavík mega ekki vera hindrun á ferðalög hingað til lands því áhuginn er til staðar.

## 2. Staða verkefna

- Saman í sókn, Kálfshamarsvík, umræða um tímasetingar á átaki vegna stöðunnar á prófunum í Keflavík.
- Opnun Demantshrings 22. ágúst, ráðherrar staðfestir til að klippa á borða – ath með að fá rútu á staðinn.
- Instagram takeover í gangi á Norðurlands samfélagsmiðlum
- Samstarf með Komdu með /ferðalag á kynningum á Norðurstrandarleið og Demantshring.
  - Náum til um 100 þús manns á viku á nordurland facebook síðu
- Júlli á ferðalagi, allir þættir komnir í birtingu. Gekk vel og umræður um mögulegt framhald.
- Gönguleiðir, nýr vefur kominn í loftið með fyrstu gönguleiðum. Verður bætt við þegar leiðirnar berast.

- ACW matarverkefni í gangi. Búið að senda út nýja fána og kynningar standa yfir á skiltum og GIS landfræðiupplýsingakerfi.
- Vefsíðan fyrir norðurland í loftið í haust.
- DMMO vinna í haust – eiga þarf góðar viðræður við ráðherra um stöðu MN í stoðkerfinu. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi í haust. Lagt til að frkvstjórar landshlutasamtakanna og MN fari yfir stöðuna saman og komi með tillögu. Mögulega ætti að halda sameiginlegan stjórnarfund SSNE, SSNV og MN.
- Uppskeruhátíð á Norðurhvara 15. október.
- Vestnorden skráning, færri sendir en áður.
- Aðrar sýningaferðir í uppnámi, taka verður stöðuna þegar nær dregur.
- Aðstoð við kynningar ýmissa aðila á Norðurlandi.

### 3. Fjármál

Staða fjármála er í lagi. Rekstraráætlun breytist reglulega þar sem mikil óvissa er varðandi stór verkefni s.s. sýningar og markaðssetningu erlendis.

Samningar við FMS renna út um áramót og ekki orðið ljóst hvernig framhaldið verður.

Helstu þróun á ACW er lokið, nú tekur við viðhald og uppfærslur auk sérverkefna.

Breytingar eru framundan í starfsmannamálum.

Leggja þarf áherslu á að fá lengri tíma samninga 3-5 ár, stilla saman strengi með landshlutasamtökum og setja út sameiginlega yfirlýsingu og erindi til ráðherra. Fá þriggja ára samning með uppsagnarákvæði og möguleika á yfirfærslu í DMMO. Staða ferðapjónustunnar er þannig í dag að þetta er mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

### 4. Skipulagsskrá og hlutverk stjórnar

Umræður um kröfur á verksvið og ábyrgð stjórnarmanna. Ákveðið að fara yfir skipulagsskrá á næsta fundi og gera breytingar ef þarf á næsta aðalfundi.

Kynnt voru drög að erindisbréfi stjórnar. Umræður og ákveðið að vinna það á næsta fundi.

Umræður um varamenn. Áfram lagt til að varamenn MN sitji alla fundi ef þeir hafa tök á til að vera vel inni í málum. Samþykkt er að SSNV og SSNE skipi varamenn áheyrnarfulltrúa sem boðaðir eru ef áheyrnarfulltrúar komast ekki.

Umræður um hlutverk áheyrnarfulltrúa landshlutasamtakanna. Bera ábyrgð á að sitja alla fundi og vera tengiliður við stjórnir landshlutasamtakanna. Fulltrúar landshlutasamtakanna skulu upplýsa stjórnir. Skoða þarf trúnaðaryfirlýsingu á milli funda. Hafa málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar MN hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundum SSNE.

### 5. Önnur mál

Samþykkt að senda tillögu um sameiginlegan fund v. fjármála til landshlutasamtakanna.

Hilda Jana Gísladóttir hefur tekið við sem áheyrnarfulltrúi SSNE í stað Axels Grettissonar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 15:30

Fundarritari AJ

